

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/37/ESB

2011/EES/29/26

frá 17. júní 2010

um breytingu á tilskipun 2008/60/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS
HEFUR,

samræmi við viðmiðunarmörk fyrir hvern og einn þungmálm sem skiptir máli.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

4) Því ber að breyta tilskipun 2008/60/EB til samræmis við það.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 30. gr.,

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB ⁽²⁾ um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni eru tilgreind hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum sem talin eru upp í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum ⁽³⁾.

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2008/60/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu mat upplýsingar um öryggi við notkun neótams sem sætuefnis og bragðaukandi efnis og skilaði álitinu sínu 27. september 2007 ⁽⁴⁾. Á grundvelli fyrirhugaðrar notkunar er talið viðeigandi að heimila notkun aukefnisins í matvælum. Því er nauðsynlegt að samþykkja forskriftir fyrir þetta aukefni í matvælum sem er úthlutað E-númerinu E 961.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

3) Nauðsynlegt er að taka mið af forskriftum og greiningaraðferðum fyrir aukefni sem eru settar fram í Alþjóðamatvælaáskránni (Codex Alimentarius) og samdar af sameiginlegri sérfræðinganefnd um aukefni í matvælum (JECFA). Einkum þarf að breyta sérstökum hreinleikaskilyrðum, þar sem við á, til að þau séu í

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 152, 18.6.2010, bls.12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3.

⁽⁴⁾ Visindalegt álit nefndar um aukefni í matvælum, „Flavourings, Processing Aids and Materials in Contact with Food on a request from the European Commission on neotame as a sweetener and flavour enhancer“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2007) 581, 1-43.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í I. viðauka við tilskipun 2008/60/EB bætist eftirfarandi færsla E 961 við á eftir færslu E 959:

„E 961 —NEÓTAM

Samheiti	N-[N-(3,3-dímetylbútýl)-L- α -aspartýl]-L-fenýlalanín 1-metýlester, N(3,3-dímetylbútýl)-L-aspartýl-L-fenýlalanínmetýlester
Skilgreining	Neótam er framleitt með því að láta aspartam hvarfast undir vetniþrýstingi við 3,3-dímetylbútýraldehýð í metanóli með palládíum-/kolefnishvata. Neótam er einangrað og hreinsað með síun; til þess er unnt að nota kísilgúr. Eftir að leysirinn hefur verið eimaður brott er neótamið þvegið með vatni, einangrað í skilvindu og loks þurrkað við lofttæmi
CAS-númer	165450-17-9
Efnaheiti	N-[N-(3,3-dímetylbútýl)-L- α -aspartýl]-L-fenýlalanín 1-metýlester
Efnaformúla	$C_{20}H_{30}N_2O_5$
Mólþyngd	378,47
Lýsing	Hvít yfir í beinhvít duft
Magngreining	Ekki minna en 97,0 % miðað við þurrefni
Upplýsingar til auðkenningar	
Leysni	4,75 % (massahlutfall) við 60 °C í vatni, leysanlegt í etanóli og etýlasetati
Hreinleiki	
Vatnsinnihald	Ekki meira en 5 % (aðferð Karls Fischers, úrtaksstærð 25 ± 5 mg)
Sýrustig	5,0–7,0 (0,5 % vatnslausn)
Bræðslumarksbil	81 °C til 84 °C
N-[(3,3-dímetylbútýl)-L- α -aspartýl]-L-fenýlalanín	Ekki meira en 1,5 %
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg
